

Eskja hf.  
Strandgata 39  
735 Eskifirði

Reykjavík, 27. janúar 2023  
UST202203-025/G.S.O.  
08.10.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. desember 2022 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Eskju á Eskifirði þann 29. nóvember sl. Þann 23. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.16 í starfsleyfi. Úrbætur hafa ekki verið gerðar á búnaði í kjölfar þess að COD mældist of hátt í frárennsli. Samkvæmt áætlunum rekstraraðila átti hreinsunarkar að vera komið í notkun. Vinna hefur tafist og á eftir að tengja karið við verksmiðjuna. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur hreinsunarkari verið bætt við, en ekki náðst að tengja það sem skyldi. Það verður tengt og komið í notkun í vor. Áætluð verklok eru 31. maí 2023.**
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Framkvæma skal heildarúttekt á losun mengandi efna. Mælingar skal gera á fitu svifefni og COD og/eða BOD. Úttektin skal taka til vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun átti að mæla á makrílvertíð 2022. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun var gerð mæling árið 2022 á loðnuvertíð og ráðgert er að frárennslismælingar á makríl-, síldar- og kolmunnaveitíð verði gerðar í ár ef þessar tegundir berast vinnslunni. Mælingar hafa verið pantaðar hjá verkfræðistofu og Sýni. Áætluð verklok eru 31. desember 2023. Umhverfisstofnun óskar eftir því að niðurstöðum mælinga sé skilað þegar þær liggja fyrir og að stofnunin sé látin vita verði ekki hægt að framkvæma mælingar.**

#### Þrjú eldri frávik voru útistandandi:

1. Gr. 2.16 í starfsleyfi. „Endurnýja þarf rör til inndælingar á sjó.“ **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila er unnið að endurnýjun rörs til inndælingar á sjó og eru áætluð verklok þann 1. apríl 2023.**
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. „Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.“ **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun var gerð mæling árið 2022 á loðnuvertíð og ráðgert er að frárennslismælingar á makríl-, síldar- og kolmunnaveitíð verði gerðar í ár ef þessar tegundir berast vinnslunni. Mælingar hafa verið pantaðar hjá verkfræðistofu og Sýni. Áætluð verklok eru 31. desember 2023. Umhverfisstofnun óskar eftir því að niðurstöðum mælinga sé skilað þegar þær liggja fyrir og að stofnunin sé látin vita verði ekki hægt að framkvæma mælingar.**

3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. „Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.“ **Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun er stefnt að því að halda áfram með vinnu er varðar skýrslugerð um sjálfbærni/umhverfismál hjá Eskju og eru áætluð verklok 31. desember 2023. Umhverfisstofnun fer fram á að sett verði umhverfismarkmið fyrir fiskimjölsverksmiðjuna og að þau berist stofnuninni eigi síðar en 30. júní 2023.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur